



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Kotlavík - Njarðvík

Plöðhólf 100 Sími 92-3100

33. fundur

skólanefndar var haldinn á skrifstofu skólameistara fimmtudaginn 28. desember kl. 20.30.

Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnpórsson, Jón Böðvarsson og Ingólfur Halldórsson.

Þetta gerðist:

Á síðasta fundi var formanni, skólameistara og ritara falið að gera drög að fjárhagsáætlun fyrir rekstur skólans og húsbýggingaframkvæmdir. Ritari gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Fram kom að nú í lok ársins eru ógreiddir reikningar um 17 milljónir af rekstrarkostnaði. Þessi hali hefur myndast vegna of lágrar fjárhagsáætlunar árin 1976 og 1977. Við gerð rekstraráætlunar fyrir 1979 tók nefndin tillit til þessa 17 milljón kr. hala. Einnig var stuðst við fjárhagsáætlun sem gerð var í vor vegna fjárlaga ríkissjóðs 1979.

Síðan ræddi skólameistari um fjárhagsáætlanir, meðal annars um þann vanda sem hefur skapast vegna verðbólgunnar, þ.e. allar fjárhagsáætlanir sem gerðar hafa verið í upphafi árs hafa reynst allt of lágar. Skólanefndin var sammála um að hlutur sveitarfélaga í rekstri F.S. 1979 verði kr. 33.907.000.- þ.e.:

Rekstraráætlunin 1979 er	kr. 36.260.000.-
Þar af greiðir ríkissjóður skv. fjárlögum	" <u>15.400.000.-</u>
Hlutur sveitarfélaga er því	" 20.860.000.-
+ áætluð vísitala 20%	" 4.172.000.-
+ vanreiknað, hluti frá 1976 og 1977	" 3.936.000.-
+ vanreiknað, hluti frá 1978	" 3.939.000.-
+ áætlaður kostnaður af Námsvísi	" <u>1.000.000.-</u>
Alls hluti sveitarfélaga	" <u>33.907.000.-</u>

Með þessari hækkun á hluta sveitarfélaganna á að vera unnt að ná upp verulegum hluta af þessum 17 milljón króna hala á tveim árum.

Formaður ræddi nánar um fjármálin og skýrði þau frekar. Skólameistari ræddi um hinn nýútkomna Námsvísi fjölbrautaskóla, sem fjölbrautaskólarnir þrír, F.S., F.A. og Flensborg standa að. Ekki er vitað hver endanlegur kostnaður verður af honum en skólarnir skipta honum með sér, þannig:

F.S. 37.1/2%, Flensborg 37.1/2% og F.A. 25%.

Einnig munu ýmsir aðrir skólar skipuleggja nám í samræmi við hann og þar með kaupa hluta af upplaginu og lækkar því beinn kostnaður nokkuð.

Samþykkt var að formaður skólanefndar hafi samband við formenn hinna tveggja skólanefndanna um hluta ríkissjóðs í kostnaðinum og greiðslu til höfunda er stóðu að samningu Námsvísis.

Fram kom að unnið er að svari við bréfi menntamálaráðuneytisins vegna reikninga áranna 1976 og 1977 vegna þess að ríkið neitar að greiða sinn hlut af nokkrum kostnaðarliðum, t.d. vaxtagjöldum og aksturkostnaði - alls kr. 6.967.000.-

Frá áramótum hefur ríkisbókhaldið samþykkt að taka við bókhaldi skólans.

Byggingakostnaður.

Rætt var um byggingarkostnaðaráætlun næsta árs og voru menn sammála um að hlutur sveitarfélaga verði kr. 9.991.000.- þ.e.

Hluti ríkissjóðs í beinum bygg.kostn.alls 93.609.000.-

+ hluti ríkissjóðs í stofnbúnaði 6.912.000.-

Aður greitt 1978 +30.000.000.-

70.521.000.-

Hluti sveitarfélaga alls kr. 45.383.000.-

Aður greitt 1978 " +40.000.000.-

Eftirstöðvar eru því " 5.383.000.-

Hluti í stofnbúnaði " + 4.608.000.-

Alls hluti sveitarfélaga " 9.991.000.-

Önnur mál.

Skólinn starfar enn eftir reglugerð um Flensborgarskólann. Skólanefndin var sammála um að ljúka verði við reglugerð um Fjölbautaskóla Suðurnesja, og skal hún send nefndarmönnum til athugunar áður en um hana verður fjallað á skólanefndarfundum.

Samþykkt var að hafa næsta fund rétt eftir upphaf vorannar 1979..

Samþykkt var að skólanefndarlaun yrðu þau sömu og gerist í grunnskólum á svæðinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Einar Þórðarsson, fundarritari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Kaflavík - Njarðvík

Póstbóxt 100 Sími 92-3100

Tillaga:

Framlag sveitarfélaga í rekstrarkostnaði
Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1979
(% skv. manntali 01.12.77).

Aætluð greiðslu-
skipting pr.
tveggja mán. fresti.

Gerðahreppur	6.390%	kr.	2.167.000-
Grindavík	14.123%	-	4.789.000-
Hafnir	1.120%	-	380.000-
Kaflavík	51.390%	-	17.425.000-
Miðneshreppur	8.765%	-	2.971.000-
Njarðvík	14.410%	-	4.885.000-
Vatnsleysustr.hr.	3.802%	-	1.290.000-

6 x	362.000-
6 x	799.000-
6 x	64.000-
6 x	2.905.000-
6 x	496.000-
6 x	810.000-
6 x	215.000-

Framlag sveitarfélaga í byggingarkostnaði
Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1979
(% skv. manntali 01.12.79).

Gerðahreppur	6.390%	kr.	639.000-
Grindavík	14.123%	-	1.411.000-
Hafnir	1.120%	-	111.000-
Kaflavík	51.390%	-	5.135.000-
Miðneshreppur	8.765%	-	875.000-
Njarðvík	14.410%	-	1.440.000-
Vatnsleysustr.hr.	3.802%	-	380.000-

6 x	107.000-
6 x	236.000-
1 x	111.000-
6 x	856.000-
6 x	146.000-
6 x	240.000-
6 x	64.000-

Framlag ríkissjóðs í rekstrarkost. kr. 15.400.000-

Framlag ríkissjóðs í byggingarkost. kr. 63.609.000-